

# Samkeppni um útilistaverk við Kárahnjúka

Listamaður:

Jónína Guðnadóttir

Lína



*Lýsing listamannsins á verki sínu:*

Verkið Lína er sjónrænt nokkuð sjálfgefið þar sem það er byggt á útlínunum landslagsins sem enn er að sjá við Kárahnjúka og verið hefur um aldir, og þeim breytingum sem verða eftir framkvæmdir þegar Háslón hefur verið fyllt.

Einnig vísar nafnið í þær línur sem orkan verður flutt með úr Fljótisdalsstöð 2007. Kringum verkið á að hlaða grjóti af svæðinu. Þar sem áætluð vatnslína verður á ártalið 2007 að vera sandblásið í grjót. Sandblásin lína undir ártalinu á að benda á ætlaða vatnslínu Háslóns. Formið skal reist upp á rönd. Með svolitlu hugarflugi geti fólk gert sér grein fyrir því hvað býr undir Háslóni. Horfin veröld verður auðkennd með opnum formum en öndvert við þau eru massíf form á súlunni sem ber verkið uppi og tákna það sem uppúr stendur. Á súlunni heldur teikning formsins áfram og tengir þannig saman útlínur landslagsins undir og yfir vatnsborðinu. Vatnslöturinn er þeim megin á súlunni þar sem massífu formin eru (fjallsmegin) og verður það auðkennt í hleðslunni sem súlan ris upp úr.

